

## **Borgarráð 13. júlí 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins að dregið verði úr aðkeyptri ráðgjöf til borgarinnar MSS23070050**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að dregið verði af afli úr aðkeyptri ráðgjöf til borgarinnar. Fulltrúi Flokks fólksins hefur margsinnis bókað um þá gríðarlegu fjármuni sem fara í aðkeypta ráðgjöf af ýmsu tagi þrátt fyrir ríkan mannauð í starfsmannahópi borgarinnar. Nýlegar bárust fréttir um að Reykjavíkurborg hefur greitt 34 milljónir króna til félags í eigu fyrrverandi fjármálastjóra borgarinnar fyrir sérfræðipjónustu frá árinu 2021 en viðkomandi fjármálastjóri lét af störfum sem fjármálastjóri borgarinnar fyrir aldurssakir árið 2019. Félagið fékk greiddar tæplega 11,5 milljónir króna árið 2021 og tæplega 5,1 milljón á fyrsta fjórðungi þessa árs, að því er fram kemur á upplýsingavef um fjármál borgarinnar, sjá umfjöllun í Viðskiptablaði Morgunblaðsins [https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2023/07/05/tugir\\_milljona\\_til\\_fyrrverandi\\_fjarmalastjora/](https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2023/07/05/tugir_milljona_til_fyrrverandi_fjarmalastjora/)

### **Greinargerð**

Í stað þess að kaupa sífellt ráðgjöf frá utanaðkomandi sem kostar morðfjár er hægt að nýta krafta starfsmanna borgarinnar betur sem einmitt eru ráðnir vegna sérfræðipækkingar sinnar og reynslu. Að kaupa sífellt utanaðkomandi ráðgjöf getur auk þess dregið úr hvata og sjálfstrausti ráðinna starfsmanna til að meta sjálfir gögn og taka ákvörðun. Það veikir stjórnkerfi borgarinnar og kostar mikið.

Fulltrúi Flokks fólksins hefur spurt um kostnað til verkfræði- og arkitektafyrirtækja margsinnis. Tugir milljóna eru greiddar árlega í ráðgjöf hérlendis og erlendis. Dæmi eru um að ráðnir séu hámenntaðir verkfræðingar- verktakar, til þess eins að skrá fundargerðir fyrir sviðin og svo mætti lengi telja. Fulltrúi Flokks fólksins spurðist fyrir um ráðgjafarfyrtækið KPMG í kjölfar skýrslu fyrirtækisins um Borgarskjalasafn en í henni var lagt til að Safnið yrði lagt niður. Skýrslan kostaði ekki aðeins mikið heldur var hún talin af fleirum en borgarfulltrúa Flokks fólksins vera full af dylgjum og rangfærslum í garð borgarskjalavarðar.

Af yfirliti yfir viðskipti við KPMG að dæma sem afhent var fulltrúa Flokks fólksins fyrir skemmstu er nokkuð ljóst að aðkeypt þjónusta frá þessu fyrirtæki er komin úr böndunum. Á síðasta ári fékk fyrirtækið 41,5 milljón fyrir greiningarskýrslur/verkefni án þess að skýringar liggi fyrir um nauðsyn þeirra. Frá 2018 hefur KPMG fengið um 100 milljónir frá Reykjavíkurborg fyrir skýrslur. Hér er um eitt fyrirtæki að ræða af mun fleirum og má í því sambandi nefna Eflu. Þjónustu- og nýsköpunarsvið er nú sennilega hástökkvari í þessum efnum en sviðið hefur verið áskrifandi af innlendra og erlendra ráðgjöf í áraraðir. Fulltrúa Flokks fólksins er ofboðið og í þessu sambandi fyrst og fremst vegna brúðls. Flokkur fólksins hefur lagt til að hætt verði að skipta við KPMG og fleiri sambærileg fyrirtæki og látið verði reyna á útboð eða farið í verðkönnun, sé talið nauðsynlegt að kaupa vinnu af þessu tagi. Umfram allt er mikilvægt ekki síst vegna slakrar afkomu borgarinnar fjárhagslega að draga úr aðkeyptri rándýrri ráðgjöf með öllum ráðum.